

Skattframtal rekstraraðila

RSK 1.04

Skil á árinu 2002

Á árinu 2002 er lögaðilum *skytt* að skila skattframtali sínu á forminu *RSK 1.04*. Ennfremur er einstaklingum í atvinnurekstri með veltu yfir kr. 20 milljónum á árinu 2001 *skytt* að skila uppgjöri rekstrar síns í forminu *RSK 1.04*. Jafnframt er vakin athygli á að einstaklingar í atvinnurekstri með veltu undir kr. 20 milljónum geta skilað uppgjöri rekstrar síns á nýju eyðublaði, *RSK 4.11*.

Skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 má skila:

- Á eyðublaði *RSK 1.04*.
- Á disklingi ásamt undirritaðri forsiðu eyðublaðsins (fylla þarf út nafn, kennitölu og upplýsingar um álagningargrunn gjalda og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum).
- Með dulrituðum tölvupósti.

Leiðbeiningar um útfyllingu og skil rekstrarframtalsins eru **ekki** sendar með framtalinu, en fást afhentar hjá skattstjórum. Þær er einnig að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra, *rsk.is*.

Vakin er athygli á að við skil einstaklinga í rekstri á RSK 1.04 skal yfirfæranlegt tap ekki sett í reiti 4540 til 4610, heldur skulu einstaklingar halda utan um yfirfæranlegt tap á samræmingarblaði RSK 4.05.

Framtalsforrit RSK 1.04

Ríkisskattstjóri hefur látið gera tölvuforrit til að auðvelda framteljendum útfyllingu framtalsins. Notkun forritsins við framtalsgerðina tryggir að samtölur í framtalinu verða réttar. Einnig er í forritinu innbyggð villuprófun sem kannar innbyrðis samræmi í útfylltu framtali. Forrit þetta er jafnframt notað til að skila skattframtali rekstraraðila á tölvutæku formi til skattyfirvalda. **Eindregið er mælt með því að framtalsforritið sé notað við útfyllingu og skil á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04.**

Framtalsforritið er afhent endurgjaldslaust. Það má annað hvort sækja á heimasíðu ríkisskattstjóra, *rsk.is*, eða fá afhent á geisladiski hjá skattstjórum.

Leiðbeiningar um véltæk skil og uppsetningu framtalsforritsins er að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra, *rsk.is*. Þær fylgja einnig með forritinu á geisladiski.

Skil með tölvupósti og dulritun

Skila má *RSK 1.04* með tölvupósti eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi og textaskrá búin til. Áður en skráin (framtalið) er flutt í tölvupóstforritið þarf að dulrita hana, skv. nánari leiðbeiningum þar um. Gera þarf sérstakan samning við skattyfirvöld, sem kemur í stað hefðbundinnar undirskriftar. Eftir að sendingin hefur verið dulrituð og þar með jafnframt undirrituð, þá verður efni hennar ekki breytt og einungis skattyfirvöld geta lesið hana.

Allir þeir, sem vilja skila *RSK 1.04* með tölvupósti, þurfa að sækja um það til ríkisskattstjóra og fá þá úthlutað sérstökum dulritunarlykli.

Skattskil með RSK 1.04

Með skilum á *RSK 1.04* skal, í öllum tilvikum, fylgja ársreikningur.

Með skilum á *RSK 1.04* skal einnig, eftir því sem við á, fylgja:

- *RSK 4.01* Fyrningarskýrsla.
- *RSK 4.03* Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- *RSK 4.09* Greinargerð um fólksbifreiðar.
- **Sundurliðun á leiðréttingum skv. reitum 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4160, 4390, 4391, 6035, 7190 og 0695.**

Lögaðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila útfylltri 4. síðu landbúnaðarskýrslu *RSK 4.08* (bústofnshluta) ásamt *RSK 1.04*.

Eyðublöðunum *RSK 10.26* og *RSK 10.27* ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði *RSK 10.25* vegna hvers virðisaukaskattsnumers, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer.

Við framtalsskil er þess vænst að:

- Framtalsgögn séu hvorki heft né límd saman.
- Notuð séu árituð eyðublöð gjaldanda, eins og frekast er kostur, sé skilað á pappír.

Framhaldseyðublað RSK 4.14

Ef ekki eru nógu margir dálkar eða línur á *RSK 1.04* til að sundurliða fjölþættan atvinnurekstur, upplýsingar um samrekstraraðila, kaup og sölu eigna eða aukafyrningar, skal nota framhaldsblað *RSK 4.14*. Merkja skal í þar til gerða reiti á *RSK 1.04*, við hvern þann kafla á skattframtalinu sem framhaldsblaðið tengist.

Á framhaldseyðublaðinu á einnig að sundurliða þær skattalegu leiðréttingar, sem fram koma í reit 4400 á 3. síðu *RSK 1.04*. **Ef reitur 4400 á RSK 1.04 er útfylltur skal undantekningalaust skila framhaldseyðublaði RSK 4.14.** Öll framhaldsblöð verða að vera merkt með kennitölu.

Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði RSK 4.14, því reitir framhaldsblaðsins eru innbyggðir í framtalsforritið.

Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu á RSK 1.04

- Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.
- Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990.
- Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsiðu framtalsins.